



**Aukafundur**  
**86. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar**  
**þriðjudaginn 27. ágúst 2013, kl. 12:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

**Dagskrá:**

1. Óveðurspá 30-31. ágúst
- 

**Afgreiðslur:**

**1. Óveðurspá 30-31. ágúst**

Bæjarstjóri skýrði frá fundi sem hann ásamt forseta bæjarstjórnar áttu í dag með almannavarnarnefnd Húnavatnssýslna vegna slæmrar veðurspár um næstu helgi á svæði almannavarnarnefndarinnar og hvort eða hvaða úrræða hægt er að grípa til á þeim tíma sem er til stefnu til að flýta smölun einstakra svæða ofl. Í kjölfar fundarins fundaði landbúnaðarnefnd með forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra um þær aðgerðir sem ætti að grípa til. Bæjarstjóri ætlaði að hafa samband við Veðurstofuna. Formaður landbúnaðarnefndar ætlaði að hafa samband við gangnamenn og setja þá í viðbragðsstöðu og hefja smölun strax þriðjudaginn 27. ágúst.

**Það skipulag í smölun sem unnið er eftir.**

Þriðjudagur 27. ágúst: Skarðsskarð og fram Langadalsfjall

Miðvikudagur 28. ágúst: Laxárdalur

Fimmtudag 29. ágúst: Skrapatunguafréttur (Tröllabotnar) og Langadalsfjall

Sundurdráttur seinnipartinn á fimmtudag og föstudaginn.

Með hliðsjón af niðurstöðu fundar með landbúnaðarnefnd og vegna versnandi veðurspár samkvæmt Veðurstofunni, samþykkir bæjarráð að flýta göngum og skipar forseta bæjarstjórnar, bæjarstjóra og Zophonías Ara Lárusson, formann bæjarráðs, í aðgerðarstjórn.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 12:15

Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)  
Þórdís Hauksdóttir (sign.)